



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 1. apríl 2019

RMF19030008

4.3.5

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Svar menningar- og ferðamálasviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um Viðeyjarferju

Þann 14. mars sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins í borgarráði í fram svohljóðandi fyrirspurn:

- 1) Hver er fjöldi þeirra sem hafa farið til Viðeyjar að meðaltali á ári frá því að núverandi rekstraraðili ferjunnar tók við?
- 2) Hvað greiðir Reykjavíkurborg rekstraraðilanum á ári fyrir þjónustu hans?
- 3) Hver eru fargjöld ferjunnar í dag og hversu mikið hafa þau hækkað síðan núverandi rekstraraðili ferjunnar tók við?
- 4) Hver sér um veitingaþjónustuna í Viðeyjarstofu?
- 5) Hver hefur afnot af íbúðunum sem eru tvær í eyinni?
- 6) Fær Reykjavíkurborg leigutekjur og þá hversu háar á ársgrundvelli fyrir, a) Viðeyjarstofu, b) Viðeyjarnaust, c) Íbúðirnar tvær og aðrar eignir í eyinni?
- 7) Hver er heildarrekstrarkostnaður Viðeyjar á ársgrundvelli?

Þann 20. mars sl. var ofangreind fyrirspurn send menningar- og ferðamálasviði til umsagnar. Borgarsögusafn, sem hefur umsjón með málefnum Viðeyjar, veitti eftirfarandi svör:

1. Hver er fjöldi þeirra sem hafa farið til Viðeyjar að meðaltali á ári frá því að núverandi rekstraraðili ferjunnar tók við?

Ár Fjöldi

2007	16.235
2008	19.168
2009	20.117
2010	22.860

2011	19.421
2012	22.295
2013	22.302
2014	23.205
2015	25.729
2016	27.534
2017	25.416
2018	22.873

2. Hvað greiðir Reykjavíkurborg rekstraraðilanum á ári fyrir þjónustu hans?

Viðeyjarferja, framlag v. áætlunarsiglingar á árinu 2018 var 15.275.064 kr., skv. samningi sem er vísitölutengdur.

Sameiginlegur rekstrarkostnaður sem greiðist til rekstraraðila:

Sorpeyðing á árinu 2018 var 338.874 kr.

Sameiginlegur rekstur á bíl í eyjunni og notkun 2018 var 1.148.526 kr.

3. Hver eru fargjöld ferjunnar í dag og hversu mikið hafa þau hækkað síðan núverandi rekstraraðili ferjunnar tók við?

Fargjöld (2019 (fram og tilbaka))	Fargjöld 2007 (fram og tilbaka)
Börn 0-6 ára ókeypis	Börn að 6 ára ókeypis
Börn 7 – 17 ára kr. 775.-	Börn 6 – 18 ára kr. 400.-
Fullorðnir að 67 ára kr. 1550.-	Fullorðnir að 67 ára kr. 800.-
Eldri borgarar kr. 1400.-	Eldri borgarar kr. 600.-
Námsmenn kr. 1400.-	Námsmenn kr. 600.-
Öryrkjar kr. 1400.-	Öryrkjar kr. 600.-

4. Hver sér um veitingaþjónustuna í Viðeyjarstofu?

Gallery Viðey sf. (4904100150) hefur séð um veitingaþjónustu í Viðeyjarstofu frá árinu 2010 sem undirverktaki Eldingar Hvalaskoðun Reykjav ehf. (4405004040)

5. Hver hefur afnot af íbúðunum sem eru tvær í eyinni?

Verkefnastjóri Viðeyjar og sumarstarfsmaður Viðeyjar hafa aðsetur og skrifstofu í húsinu frá vori og fram á haust. Verktakar, tæknimenn og starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa þar einnig aðsetur á meðan framkvæmdir/viðhald stendur yfir í eyjunni.

Sjálfbóðaliðar frá SEEDS sem sinna sjálfbóðastörfum í Viðey dvelja í húsinu tvisvar á ári, að vori og hausti, 10 daga í senn.

Þegar viðburðir eru haldnir í Viðey hefur starfsfólk Menningar- og ferðamálasviðs þar aðsetur ásamt öðru fólki sem kemur að viðburðunum.


Á veturna fá ferðamenn í Friðarsúlu- og norðurljósaferðum að hlýja sér í húsinu og drekka þar kaffi eða kakó.

6. Fær Reykjavíkurborg leigutekjur og þá hversu háar á ársgrundvelli fyrir, a) Viðeyjarstofu, b) Viðeyjarnaust, c) Íbúðirnar tvær og aðrar eignir í eyinni?

- a) Húsaleiga vegna Viðeyjarstofu:
Ár Fjárhæð
2018 4.032.616 kr.
- b) Viðeyjarnaust:
Engar tekjur
- c) Íbúðirnar tvær og aðrar eignir í eyinni
Íbúðir: Engar tekjur
Kirkjuleiga:
Ár Fjárhæð
2018 25.000 kr.

7. Hver er heildarrekstrarkostnaður Viðeyjar á ársgrundvelli?

Rekstrarkostnaður í Viðey 2018	
	(þús.kr.)
Tekjur samtals	-9.879
Innri leiga	28.690
Hafnarbakkaleiga á bryggju	11.058
Viðeyjarferja áætlunarsiglingar	15.275
Rafmagn	7.575
Launakostnaður	10.972
Annar kostnaður	6.515
Gjöld samtals	80.085
Rekstrarniðurstaða	70.206

Arna Schram


sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs